



ÁRSSKÝRSLA
2012

fjs FJÁRSÝSLA
RÍKISINS



ÁRSSKÝRSLA
2012

FJÁRSÝSLA RÍKISINS
Júlí 2013

Ljósmyndir: Arnaldur Halldórsson

EFNISYFIRLIT

	Bls.
Formáli fjársýslustjóra	4
Um Fjársýslu ríkisins	6
Hlutverk og stefna	6
Markmið og áherslur	7
Oracle-kerfi ríkisins, Orri	8
Starfsemin á árinu	12
Umsvif	12
Fjármál	16
Starfsmenn og þróun	18
Kennitölur	20
Ársreikningur 2012	23
Staðfesting ársreiknings	24
Áritun endurskoðenda	25
Rekstrarreikningur	26
Efnahagsreikningur	27
Sjóðstreymi	28
Staða viðfangsefna	29

FORMÁLI FJÁRSÝSLUSTJÓRA

Árið 2012 var umfang starfseminnar svipað og árið á undan. Framlög til stofnunarinnar voru skert fjórða árið í röð og þurfti að gæta ítrasta aðhalds til að vera innan fjárhagsrammans án þess að það bitnaði um of á þjónustustiginu. Tímanleiki og dagsetningar eru lykilþáttur í starfseminni. Nægir þar að nefna mikilvægi þess að sjá til að laun ríkisstarfsmanna, barnabætur, vaxtabætur, reikningar ríkisstofnana og ríkissjóðs séu alltaf greiddir á tilsettum tíma. Jafnframt þarf að tryggja hraða birtingu upplýsinga um fjárhagsstöðu einstakra ríkisaðila og ríkissjóðs bæði innan ársins og fyrir árið í heild.

Sem fyrr var áframhaldandi þróun á upplýsingakerfum fyrir ríkissjóð og ríkisstofnanir fyrirferðamikil verkefni hjá stofnuninni. Má þar nefna framhald vinnu við skipulagningu og undirbúning rafrænna reikninga. Það verkefni nær m.a. til þess að setja upp ferli rafrænna reikninga fyrir ráðuneyti og ríkisstofnanir sem eru í greiðslu- og bókhaldsþjónustu hjá FJS. Samhliða því var tekið upp rafrænt samþykktarferli hjá þessum aðilum. Þá var fram haldið vinnu við að aðstoða ríkisstofnanir við innleiðingu eignakerfis Orra. Tíðar breytingar á ráðuneytum og stofnunum hin síðari ár hafa tafið verkefnið og gert það flóknara.


Haustið 2012 var töluverð umfjöllun um Orra í fjölmiðlum, einkum ríkisfjölmiðlinum. Í aðalatriðum byggðist hún á ófullnum skýrsludrögum Ríkisendurskoðunar sem Kastljós RÚV hafði komist yfir eftir ókunnum leiðum. Ríkisendurskoðun hafði haft skýrsluna í vinnslu um langan tíma og tilvitnuð drög höfðu ekki verið send til formlegrar umsagnar. Þegar í upphafi umfjöllunarinnar hafnaði Ríkisendurskoðun efni skýrslunnar og benti á að hún uppfyllti engan veginn gæðakröfur stofnunarinnar. Ríkisendurskoðun skilaði Alþingi endanlegri skýrslu í lok október og var hún mikið breytt frá skýrsludrögum. Skýrslan fékk litla efnislega umfjöllun eða viðbrögð frá fjölmiðlum.

Frá október fram í maí á árinu 2013 hafa verið gerðar þrjár stórar úttektir á Orra. Tvær þeirra voru unnar af Ríkisendurskoðun, þ.e.a.s. fyrrnefnd skýrsla um undirbúning og innleiðingu kerfisins annars vegar og um uppsetningu á nýrri útgáfu þess hins vegar. Þriðja greiningin var unnin fyrir fjármála- og efnahagsráðuneytið af sænskum sérfræðingi þar sem hann fjallaði um stöðu og framtíð kerfisins. Allar þessar úttektir staðfesta að kerfið er í meginatriðum gott og að verklag við innleiðingu þess og rekstur hafi verið í góðu lagi. Niðurstaðan er einnig að kostnaður af kerfinu hafi verið hóflegur og rétt sé að nýta kerfið áfram.

Í heild skilaði stofnunin 52 millj. kr. afgangi á árinu 2012. Niðurstaðan var að almennur rekstur var neikvæður um 12 millj. kr. en á móti skilaði rekstur upplýsingakerfanna 47,5 millj. kr. afgangi og hugbúnaðargerð 17 millj. kr. Almenn rekstrargjöld stofnunarinnar námu 618,5 millj. kr., rekstur upplýsingakerfa 793 millj. kr. og stofnkostnaður 5 millj. kr. Gjöld umfram sértekjur námu 1.417 millj. kr. en fjárveiting ársins nam 1.469 millj. kr. Afkoma stofnunarinnar var 3,6% innan fjárheimilda ársins.

Gætt var mikils aðhalds í rekstrargjöldum og starfsmannahaldi hjá stofnuninni. Starfsmannafjöldi í árslok var 69. Starfsmannavelta ársins var 7% samanborið við 3% árið á undan.

Gunnar H. Hall
fjársýslustjóri



Hekla

FJS er sérstök stofnun sem heyrir undir fjármálaráðherra og starfar samkvæmt lögum nr 88/1997 um fjárreiður ríkisins með síðari breytingum

Hlutverk stofnunarinnar er að samræma reikningsskil ríkisaðila og tryggja tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins

Stofnuninni ber að stuðla að öruggri og skilvirkri greiðslumiðlun fyrir ríkissjóð

UM FJÁRSÝSLU RÍKISINS

Hlutverk og stefna

FJS starfar samkvæmt lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins með síðari breytingum. FJS er sérstök stofnun sem heyrir undir fjármálaráðherra. Fjársýslustjóri veitir henni forstöðu og er skipaður af fjármálaráðherra til fimm ára í senn.

Hlutverk

Hlutverk stofnunarinnar er að samræma reikningsskil ríkisaðila og tryggja tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins. Jafnframt ber stofnuninni að stuðla að öruggri og skilvirkri greiðslumiðlun fyrir ríkissjóð.

Gildi

FJS hefur sameiginleg gildi að leiðarljósi sem eiga að tryggja samræmi í daglegu starfi hennar.

- Uppfylla þarfir hagsmunaaðila, þ. e. viðskiptavina, samstarfsaðila, starfsmanna og samfélagsins í heild.
- Vinni að því að efla traust og áreiðanleika við meðferð fjármuna og færslu bókhalds.
- Vera fyrirmynd annarra fyrirtækja og stofnana með áherslu á frumkvæði, nýsköpun, hæfni og starfsánægju.

Framtíðarsýn

- FJS kappkosti að veita viðskiptavinum sínum hraða og örugga þjónustu.
- Stofnunin verði góð fyrirmynd á sínu sviði hvað varðar fagmennsku í starfi.
- Vera leiðandi fyrir ríkið á sviði bókhalds- og áætlanagerðar og eiga frumkvæði að innleiðingu hagnýtra nýjunga í tækni og vinnubrögðum.
- Upplýsingakerfi ríkissjóðs verði öflug, hagkvæm í rekstri og svari kröfum notenda.

Verkefni

1. Gerð og framsetning uppgjóra fyrir ríkissjóð, ásamt útgáfu ríkisreiknings.
2. Móttaka innheimtufjár og annast greiðslur fyrir ríkissjóð.
3. Samræming og gerð verklagsreglna fyrir bókhald og reikningsskil ríkisins.
4. Rekstur upplýsingakerfa, þróun og ráðgjöf er tengist notkun þeirra.
5. Ráðgjöf og kennsla fyrir ríkisaðila um bókhald, reikningsskil, innheimtu og launaafgreiðslu. Einnig ráðgjöf um nýtingu fjárhagsupplýsinga við fjármálastjórn.
6. Eftirfylgni með því að bókhald stofnana sé uppfært reglulega og um tilhögun innra eftirlits.
7. Færsla fjárhags- og launabókhalds og annast greiðslur fyrir ríkisstofnanir eftir því sem hagkvæmt þykir.
8. Umsjón með innheimtugagnvinnum ríkissjóðs

Markmið og áherslur

Almennar áherslur

Lögð er áhersla á að FJS veiti hagkvæma og góða þjónustu. Hún er þjónustustofnun og því mikilvægt að viðskiptavinir séu ánægðir. Það verður aðeins tryggt með góðri þjónustulund hjá starfsfólki, traustri sérfræðikunnáttu og hagnýtum upplýsingakerfum sem eru örugg í rekstri. Jafnframt er áriðandi að upplýsingakerfin séu öflug og skilvirk þannig að þau svari kröfum notenda hverju sinni.

Mikilvægt er að efla samstarf við viðskiptavini og samstarfsaðila. Þróun hugbúnaðar skiptir miklu máli í bókhaldi og því mikilvægt að vel sé staðið að því í samstarfi við hlutaðeigandi aðila.

FJS leggur áherslu á áframhaldandi þróun og rekstur á fjárhags- og mannauðskerfi Oracle hjá ríkissjóði, ráðuneytum og stofnunum. Hér er um viðamikið verkefni að ræða, sem þarf að fylgja eftir með frekari þróun, öflugri fræðslustarfsemi og verklagsreglum fyrir notendur kerfisins. Að öðrum kosti næst aldrei sú hagræðing sem að var stefnt með fjárfestingunni.

Stjórnaráherslur

Sérstaða FJS felst í ákveðinni sérfræðipækningu á bókhaldi og upplýsingakerfum hjá ríkissjóði og ríkisstofnunum. Verkefni eru bæði víðtæk og sérhæfð. Lykilatriði er að stofnunin hafi á að skipa hæfu starfsfólki sem býr yfir víðtækri þekkingu á því sviði sem stofnunin starfar á. FJS hefur lagt fram áherslur í starfsmannastjórnun innan stofnunarinnar með það fyrir augum að auðvelda vinnuna og samræma áherslur. Þessar áherslur miða að því að veita stjórnendum yfirsýn yfir mannauð stofnunarinnar og að bæta upplýsingaflæði innan hennar.

Mannauður

Starfsemi FJS einkennist af mikilli sérhæfingu, verkaskiptingu og samræmingarstarfi á upplýsingum og gögnum sem unnið er með. Í því felast ákveðin þekkingarverðmæti og mikilvæg tengsl við samstarfsaðila og viðskiptavini. Áriðandi er að starfsmenn eigi kost á fræðslu í ljósi krafna um sérhæfingu, góða þjónustu og notkun á nýrri tækni. Stofnunin gerir jafnframt kröfur til starfsfólks um öguð vinnubrögð og að það ljúki sínum verkum tímanlega, t.d. í tengslum við launaútborganir, greiðslur styrkja og bóta, greiðslur reikninga, færslu bókhalds o.s.frv. Almennt er starfsfólkið meðvitað um mikilvægi, nákvæmni og tímanleika fyrir verkefni stofnunarinnar og leggur metnað í að leysa störf sín vel af hendi. Lögð er áhersla á að gefa starfsmönnum kost á að sækja nauðsynlega fræðslu og endurmenntun til að styrkja þekkingu þeirra og hæfni í starfi.

Lögð er áhersla á að FJS veiti hagkvæma og góða þjónustu

FJS leggur áherslu á áframhaldandi þróun og rekstur á fjárhags- og mannauðskerfi Oracle hjá ríkissjóði, ráðuneytum og stofnunum

Sérstaða FJS felst í ákveðinni sérfræðipækningu á bókhaldi og upplýsingakerfum hjá ríkissjóði og ríkisstofnunum



ORACLE–KERFI RÍKISINS, ORRI

Fjársýsla ríkisins (FJS) hefur yfirumsjón með bókhaldi, launavinnslu og greiðslumiðlun fyrir ríkissjóð. Í tengslum við þau verkefni hefur stofnunin séð um þróun og rekstur á upplýsingakerfum um áratuga skeið og hefur það almennt gengið snurðulaust í gegnum tíðina. Árið 2003 var nýtt kerfi, byggt á Oracle eBusiness Suite eða OEBS, tekið í notkun að undangengnu almennu útboði. Erlent heiti kerfisins þótti óþjálmt. Því var efnt til samkeppni meðal notenda um íslenskt nafn og varð Orri fyrir valinu, sem það hefur gegnt síðan.

Við innleiðingu Orra var kerfið lagað að íslenskum aðstæðum. Það felur í sér heildarlaun sem inniheldur öfluga kerfishluta eins og fjárhagsbókhald, verkþókhald, innkaup, birgðabókhald, launaútreikninga, starfsmannahald og eignaumsýslu.

Innleiðing Orra hjá ríkinu tók lengri tíma en til stóð í upphafi enda var lausnin viðameiri en séð var fyrir. Kerfið er æði umfangsmikið og styður gríðarlega marga og flókna verkferla. Rekstur kerfisins hefur þó í aðalatriðum verið áfallalaus. Nægir þar að nefna að ekki hefur brugðist að laun væru greidd á réttum tíma, reikningar til birgja ríkisins hafa verið greiddir á tilsettum tíma og ríkisreikningur komið út tímanlega.

Árlega koma nýjar útgáfur af kerfinu með alls kyns nýjungum, leiðréttingum og bættri virkni. Hins vegar er alltaf matsatriði hversu oft beri að uppfæra kerfi eins og Orra. Innleiðing á nýrri uppfærslu kallar óhjákvæmilega á viðbótarvinnu og kostnað. Auk þess má vænta að þeim fylgi tímabundnar villur, tafir eða truflanir á starfsemi stofnana. Því þarf alltaf góðan undirbúning, þar sem kostir og gallar er metnir gaumgæfilega, áður en ráðist er í að innleiða nýja útgáfu af kerfinu. FJS og þjónustuaðilinn, Advania hf., hafa þróað markviss vinnubrögð sem beitt er í slíkum verkefnum.

Í dag hefur íslenska ríkið komið sér upp kerfi sem þjónar hlutverki sínu vel. Tekist hefur að ná góðum tókum á kerfinu og byggja upp víðtæka þekkingu á innviðum þess. Með því er ekki verið að segja að kerfið sé gallalaust frekar en önnur hugbúnaðarkerfi. Stöðugt er unnið að því að bæta það enn frekar og nýta betur þá ótalmörgu möguleika sem það hefur upp á að bjóða. Í samstarfi við notendur og þjónustuaðila er stöðugt unnið að endurbótum á verkferlum, nýjum einingum og nýrri virkni. Markmiðið er að leita leiða til að efla virkni og gæði rekstursins.

Hér á eftir verður fjallað stuttlega um neikvæða opinbera umræðu sem fram fór um Orra á haustmánuðum 2012 og viðbrögðum stjórnvalda við því.

Opinber umræða m Orra síðla árs 2012

Haustið 2012 fjallaði Kastljós ríkissjónvarpsins nokkur kvöld um fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins, Orra. Í aðalatriðum byggðist fréttamiðlunin á ófullnum skýrsludrögum sem Ríkisendurskoðun hafði verið með í vinnslu með hléum um árabíl. Fjölmiðillinn hafði komist yfir þessi skýrsludrög eftir ókunnum leiðum sem hafa ekki verið upplýstar. Ekki var haft fyrir að leita eftir sannleiksgildi pappírins og bar „fréttaflutningurinn“ sterkan keim af því. Ekkert tillit var tekið til þess að Ríkisendurskoðun hafnaði skýrsludrögum algjörlega m.a. á þeim forsendum að þau uppfylltu engan veginn gæðakröfur stofnunarinnar og væru í reynd óunnin.

Í kjölfar þessa fól Alþingi Ríkisendurskoðun að ljúka gerð skýrslunnar og fékk stofnunin u.þ.b. einn mánuð til þess. Í tengslum við það verkefni var Fjársýslunni gefinn kostur á að koma á framfæri

athugasemdum við drög Ríkisendurskoðunar að skýrslu um fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins. Um miðjan október skilaði FJS ítarlegri greinargerð þar sem fjallað var efnislega um skýrsludrögin. Voru þar settar fram fjölmargar leiðréttingar og athugasemdir bæði við efnistöskýrsludraganna og rangfærslur sem þar komu fram.

Í októberlok skilaði Ríkisendurskoðun endanlegri skýrslu til Alþingis og voru þar m.a. í viðaukum birtar ítarlegar athugasemdir Fjársýslunnar og fjármála- og efnahagsráðuneytisins við skýrsludrögin. Lokaskýrslan var mjög frábrugðin upphaflegum skýrsludrögum bæði hvað snertir framsetningu og efnislegar niðurstöður. Ekki er ástæða til að fjalla ítarlega um það hér í hverju þessar breytingar voru fólgnar að öðru leyti en því að fallið var frá órókstuddum fullyrðingum og rangfærslur voru leiðréttar. Í aðalatriðum voru niðurstöður Ríkisendurskoðunar að kostnaður af kerfinu væri hóflegur og innan fjárheimilda nær allt tímabilið sem úttektin náði til, þ.e. árin 2001-2011. Gagnrýnt var að innleiðingartími Orra hafi verið vanmetinn í upphafi sem megi m.a. rekja til reynsluleysis starfsmanna Skýrr hf. (nú Advania hf.) enda fyrsta heildaruppsetning á kerfinu hér á landi. Einnig tafði verkið að tímafrekt reyndist að innleiða töluvert breytt vinnubrögð hjá ríkisstofnunum.

Skömmu eftir að Ríkisendurskoðun lagði fram skýrslu sína um undirbúning og innleiðingu Orra gerði hún sérstaka úttekt á verklagi við innleiðingu á útgáfu 12 af kerfinu sem var tekin í notkun í október 2010. Í stuttu máli var niðurstaða þeirrar úttektar að vel hefði tekist til með allan undirbúning og framkvæmd á uppfærslunni sem var mjög umfangsmikil. Í því samhengi er rétt að benda á að í skýrslunni kemur fram að kostnaðaráætlun verkefnisins stóðst að fullu.



Úttekt á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytis á stöðu og framtíð Orra

Í ljósi þeirrar umræðu sem fram hafði farið um Orra taldi fjármála- og efnahagsráðuneytið rétt að fá hlutlausan erlendan sérfræðing til að taka út kerfið. Verkefnið fólst í að leggja mat á gæði fjárfestingarinnar út frá því hversu vel kerfið mætir þörfum ríkisins. Einnig að setja fram tillögur um hvernig megi bæta notkun upplýsingakerfa í fjárhags- og mannauðsmálum hjá ríkinu. Tekið var fram í umboðsbrefi að markmið eiganda kerfisins væri að fá sýn á kerfið og ráðgjöf um framtíðarskipan upplýsingamála frá óháðum ytri aðila.

Fyrir valinu varð sænskur ráðgjafi, Knut Rexed, en hann hefur víðtæka reynslu af opinberri stjórnsýslu. Rexed er fyrrum forstöðumaður Statskontoret, sem er sjálfstæð ráðgjafar- og úttektarstofnun á vegum sænska ríkisins. Undanfarin ár hefur hann starfað sem sjálfstæður ráðgjafi og meðal annars tekið að sér verkefni fyrir Alþjóðabankann, OECD og Evrópusambandið. Í tengslum við úttekt sína á Orra ræddi hann ítarlega við fjölmarga sem eiga hagsmuna að gæta og koma beint eða óbeint að kerfinu. Nægir þar að nefna þjónustuaðila kerfisins, starfsmenn Fjársýslunnar, mikinn fjölda notenda, starfsmenn ráðuneyta og stéttarfélög. Einnig víðaði hann að sér miklu magni upplýsinga til greiningar á rekstrinum.

Í úttektinni er lagt mat á gæði kerfisins, hversu vel það hentar íslenska ríkinu og stofnunum þess, kostnað við rekstur kerfisins og fyrirkomulag upplýsingamála. Skoðað er hvernig staðið hefur verið að sambærilegum kerfum í nokkrum Evrópuríkjum. Þá er fjallað um eiginleika kerfisins, öryggismál, aðlögunarhæfni og notkunarmöguleika, m.a. með tilliti til þróunar á rafrænni þjónustu hins opinbera.

Ekki verður annað sagt en að niðurstöðurnar séu afgerandi. Kerfið er talið henta íslenska ríkinu vel,





virgni þess sé fullnægjandi og það skapi verulegt verðmæti fyrir eiganda þess. Byggt á samburði við nokkur Evrópuríki telst kostnaður við kerfið innan eðlilegra marka og mælt er ákveðið með áframhaldandi notkun þess. Þau vandamál sem komu upp við innleiðingu kerfisins snúa ekki að því kerfi sem valið var, heldur verða rakin til viðfangsefna sem eru algeng við nútímavæðingu stofnana, þá eru veikleikar sem tengjast fjölda og smæð stofnana hér á landi og ýmsar leiðir sem valdar voru við uppsetningu kerfisins.

Í úttektinni eru settar fram fjórtán ábendingar eða tillögur til úrbóta fyrir eiganda kerfisins en þær snúa einkum að skipulagi og verkaskiptingu milli aðila sem koma að rekstri og notkun kerfisins. Skipta má tillögunum í þrjá flokka: a) skipulag upplýsingamála almennt innan stjórnsýslunnar; b) þætti sem snúa beint að Orra og rekstri hans; c) hlutverk Fjársýslunnar og verkefni hennar.

Fyrsti flokkur ábendinga snýr að skipulagi upplýsingamála innan stjórnsýslunnar. Lagt er til að mörkuð verði heildstæð almenn stefna um upplýsingatækni hjá ríkinu. Innan þeirrar stefnu þarf að skýra stöðu Orra og skilgreina ábyrgð, markmið og valdheimildir aðila sem að kerfinu koma. Þessum aðilum þarf að tryggja fjármögnun og mönnun þeirra verkefna sem þeim eru falin. Í þessu samhengi er lögð sérstök áhersla á umbóta- og átaksverkefni sem verða að vera styrkt með formlegri ábyrgð.

Varðandi stjórnfyrikomulag kerfisins er lagt til að beitt verði þriggja þrepa nálgun sem endurspeglar eðli verkefnisins. Skipaður verði formlegur kerfiseigandi (fjármála- og efnahagsráðuneytið) sem gegni hlutverki eiganda sem setji kerfinu markmið og skipuleggur framtíðarþróun þess. Eigandanum til aðstoðar er rekstraraðili kerfisins (FJS) sem stýrir daglegum rekstri og þróun þess. Í þriðja lagi stjórnfyrikomulagsins eru umsjónaraðilar einstakra kerfishluta. Þar er ljóst að FJS gegnir lykilhlutverki bæði sem rekstraraðili kerfisins og ábyrgðaraðili bókhaldsins og launaafgreiðslunnar. Lögð er áhersla á að koma þurfi á hreint með formlegum hætti hver beri ábyrgð á einstökum kerfishlutum. Sem stendur er enginn umsjónaraðili tilgreindur fyrir starfsmannakerfi, verkboðhaldi, innkaupum og vörustýringu. Í því felst óvissa fyrir stofnanir um hvert þær geta leitað með aðstoð í sínum kerfismálum. Þetta hefur leitt til þess að aðeins stærstu stofnanir ríkisins hafa getað innleitt kerfishluta eins og verkboðhald, innkaup og vörustýringu. Hér eru mörg vannýtt tækifæri til hagræðingar hjá ríkinu.

Annar flokkur ábendinga varðar Orra og rekstur hans. Niðurstaða úttektarinnar er að það þjóni hagsmunum ríkisins best að nota kerfið áfram og leggja áherslu á þau tækifæri sem það býður til hagræðingar. Kerfið uppfylli þarfir ríkisins fyrir upplýsingavinnslu og því rétt að nýta það áfram þegar horft er til næstu ára. Þá er bent á mikilvægi þess að styrkja „kaupendahlutverk“ Fjársýslunnar og endurskoða verkaskiptingu milli hennar og Advania hf. Fram kemur það álit að FJS, sem kaupandi, sé of háð Advania með þekkingu. Mikilvægt sé að FJS, fyrir hönd eiganda, útfæri framtíðarstefnu og valkosti í notkun upplýsingatækni.


Þessu til viðbótar er uppsetning kerfisins talin hafa tekið of mikið mið af hagsmunum fjárhagsbókhaldsins. Því séu aðrir kerfishlutar ekki fullnýttir til stuðnings við aðra verkferla. Þar eru talin vera mikil tækifæri til hagræðingar og sparnaðar. Einnig er lögð áhersla á mikilvægi þess að efla og formfesta notendafélag Orra og byggja upp samráðshópa utan um sérhæfðari málefni í notkun og rekstri kerfisins.

Þriðji flokkur ábendinga varðar hlutverk og verkefni Fjársýslunnar í tengslum við Orra. Lögð er áhersla á að styrkja beri miðlæga þjónustupætti Fjársýslunnar og valdheimildir m.a. til að ákveða hverjir nota kerfið. Í stuttu máli er niðurstaðan að mestri hagræðingu verði náð með því að allar stofnanir ríkisins noti kerfið. Vandamál sé hve margar og smáar einingar eru innan stjórnsýslunnar sem takmarki mjög möguleika til að nýta kosti kerfisins og ná fram mögulegri hagræðingu. Úr þessu megi bæta með því að efla verulega miðlæga þjónustu Fjársýslunnar við ríkisstofnanir, þ.e. launaafgreiðslu, bókhalds- og greiðsluþjónustu. Mikilvægt er að FJS hafi skýrar heimildir til að ákveða hvaða stofnanir noti miðlæga þjónustu og hún hafi nægt fjármagn og mannafla til að þjónusta þær.

Lokaorð

Á átta mánaða tímabili, þ.e. frá hausti 2012 fram í maímánuð, voru gerðar þrjár stórar úttektir á Orra. Tvær þeirra voru unnar af Ríkisendurskoðun, þ.e.a.s. um undirbúning og innleiðingu kerfisins annars vegar og um uppsetningu á nýrri útgáfu þess hins vegar. Þriðja greiningin sem fjallaði um stöðu og framtíð kerfisins, var unnin af sænskum sérfræðingi fyrir ráðuneytið. Allar þessar úttektir staðfesta að kerfið er í meginatriðum gott og verklag við innleiðingu þess og rekstur er í ágætu lagi.

Af hálfu Fjársýslunnar hefur aldrei verið haldið fram að Orri væri gallalaust kerfi fremur en önnur hugbúnaðarkerfi sem þjóna sambærilegu hlutverki. Því er þó ekki að neita að í dag höfum við kerfi sem virkar og gegnir sínu hlutverki vel. Full ástæða er til að nota það áfram og þróa enn frekar á næstu árum. Mikilvægt er að greina hismið frá kjamanum í þeirri gagnrýni sem fram hefur komið og vinna að úrbótum á þeim þáttum sem eiga sér efnislega stoð. Auðvitað má alltaf gera betur og verða niðurstöður og ábendingar Knuts Rexed meðal annars nýttar í því skyni. Tillögur hans eru mikilvægt innlegg í þá framtíðaruppbyggingu sem stefnt er að varðandi Orra á næstu árum.



Fjórða árið í röð voru fjárveitingar til rekstrargjalda hjá stofnuninni lækkaðar eða um 3% á árinu 2012

Á árinu 2012 innleiddi stofnunin fyrsta skref í vistvænum innkaupaháttum

Starfsmönnum FJS var boðið upp á heilsufarsmælingu í febrúar og voru greindir þættir eins og blóðfita, blóðþrýstingur og blóðsykur

STARFSEMIN Á ÁRINU

Umsvif

Starfsemi Fjársýslunnar var í aðalatriðum með hefðbundnu sniði á árinu 2012. Ríkisreikningur fyrir árið 2011 kom út í júlí 2012. Áfram var unnið að hagræðingu og reynt var að gæta aðhalds í rekstri án þess að draga um of úr þjónustugæðum eða starfsánægju. Fjórða árið í röð voru fjárveitingar til rekstrargjalda hjá stofnuninni lækkaðar eða um 3% á árinu 2012.

Góður árangur náðist í fjármálum stofnunarinnar. Afkoman í heild var jákvæð um 52 m. kr. Rekstrarafgangurinn skýrist meðal annars af hagstæðari rekstrarsamningum við Advania vegna upplýsingakerfanna.

Á árinu 2012 fjölgaði starfsmönnum hjá stofnuninni um einn. Sex nýir starfsmenn voru ráðnir en fimm starfsmenn létu af störfum. Þrír starfsmenn voru í leyfi stóran hluta af árinu og tveir starfsmenn voru í fæðingarorlofi hluta ársins.

Starfsemi stofnunarinnar flutti að Vegmúla 3 á árinu 2011. Á árinu 2012 var fram haldið við að koma stofnuninni fyrir í húsnæðinu. Er þar helst að nefna kostnaðarsamar aðgerðir við skjalageymslu stofnunarinnar. Viðamikið magn skjala í vörslu hennar krefjast varðveislu og þurfa alltaf að vera aðgengileg. Tæp tvö ár eru liðin frá því að starfsemin fluttist og er enn unnið að því að koma þessum gögnum endanlega fyrir. Jafnframt er unnið við lokaskráningu elstu gagna og grisjun sem er gerð í fullu samráði við Þjóðskjalasafn. Stefnt er að því að ljúka þeirri vinnu á árinu 2013.

Á árinu 2012 innleiddi stofnunin fyrsta skref í vistvænum innkaupaháttum. Á árinu 2013 verður þeirri vinnu fram haldið.

Á haustmánuðum 2012 var hafin vinna við gerð nýrrar vefsíðu fyrir FJS. Þar er lögð áhersla á einfaldleika og gott aðgengi að upplýsingum fyrir viðskiptavinum. Einnig er stefnt að því að vefsíðan nýti rafræna þjónustumöguleika, viðskiptavinum til þæginda og hagsbóta. Ráðgert er að taka nýja vefsíðu í notkun á seinni hluta ársins 2013.

Á vormánuðum var gerð þjónustukönnun á meðal viðskiptavina bókhaldssviðs. Niðurstöður hennar voru almennt jákvæðar og gáfu mikilvægar vísbendingar um hvar þjónustan er talin góð og um leið hvar má gera betur. Niðurstöður úr könnuninni leiddu m.a. til þess að vinna var hafin við endurskoðun og breytingar á framsetningu ýmissa skýrsla og yfirlita sem standa stofnunum til boða. Fram komnar ábendingar verða nýttar við gerð kennsluefnis sem tekið verður saman vegna námskeiða sem fyrirhuguð eru hjá FJS.

Á árinu 2012 var gert átak í öryggismálum stofnunarinnar. Haldið var skyndihjálparnámskeið fyrir starfsmenn og að auki sérstakt bruna- og eldvarnarnámskeið fyrir öryggisverði hvernar hæðar. Loks var eldvarnarnámskeið fyrir alla starfsmenn þar sem m.a. var kynnt neyðaráætlun varðandi rýmingu hússins. Í framhaldi þessa tók stofnunin upp eigið eldvarnareftirlit í samvinnu við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins. Í því felst að ákveðinn starfsmaður kannar mánaðarlega ákveðna grunnþætti eldvana samkvæmt gátlista og bregst við ef þörf krefur.

Starfsmönnum var boðið upp á heilsufarsmælingu í febrúar 2012. Greindir voru þættir eins og

blóðfita, blóðþrýstingur og blóðsykur. Niðurstaða mælinganna var að starfsfólkið kom almennt nokkuð vel út úr þessum þáttum. Samhliða matinu var heilsubótarverkefni undir heitinu „Betri heilsa 2012“ hleypt af stökkunum. Verkefnið stóð yfir frá febrúarbyrjun til maíloka. Starfsfólk var hvatt til að huga að hreyfingu og hollu mataræði. Utanaðkomandi sérfræðingar voru fengnir til að flytja erindi um gildi næringar, hollustu í matargerð og líðan á vinnustað. Starfsfólk fékk einnig sent rafrænt ítarefni um svipaða þætti. Markmiðið var að fá starfsfólk til að hreyfa sig amk. 30 mínútur á dag og er öll hreyfing gjaldgeng. Almenn ánægja var meðal starfsfólks með verkefnið sem þótti takast vel.

Veigamikill þáttur í reglulegri starfsemi FJS snýr að umsjón með þróun og rekstri upplýsingakerfa fyrir ríkissjóð og ríkisstofnanir. Að þeim verkefnum koma öll svið stofnunarinnar með einum eða öðrum hætti. Hér á eftir verður fjallað um helstu þætti sem snúa að veigamestu kerfunum, þ.e. Orra, TBR og LIBRA á árinu.

Orri, rekstur og þróun

Áfram var unnið að þróun á Orra í samvinnu við önnur svið stofnunarinnar og stærstu notendur. Í aðalatriðum gekk rekstur kerfisins vel á árinu 2012 en helstu verkefni í tengslum við það voru eftirfarandi:

- Á fyrri hluta ársins var lokið við að leysa síðustu hnökra sem tengdust uppfærslu kerfisins í útgáfu 12. Í lok árs var gagnagrunnur kerfisins uppfærður og var það fyrsta stig í að uppfæra kerfið í næstu útgáfu 12.1.3. sem var tekin í notkun í mars 2013.
- Í samvinnu við Advania voru öryggismál í Orra endurskoðuð og þá sérstaklega með tilliti til svokallaðrar „netvár“. Fengnir voru utanaðkomandi sérfræðingar sem gerðu úttekt á stöðunni með aðferðafræði sem IBM hefur þróað.
- Í fjárhagshlutanum var mikill þungi í verkefnum við skipulagningu og undirbúning þess að allir reikningar sem berast ríkinu verði á rafrænu formi. Nýtt vefmiðmót var tekið í notkun sem gerir stofnunum kleift að halda utan um samþykktarreglur sínar á rafrænum reikningum. Þá var fram haldið vinnu við að endurbæta bókunarvél fyrir rafræna reikninga þannig að þeir berist sem oftast fullbókaðir.
- Viðskipti með rafrænum reikningum aukast jafnt og þétt. Unnið var að því á árinu að innleiða ferli rafrænna reikninga hjá stofnunum og ráðuneytum í greiðsluþjónustu hjá FJS. Markmiðið er að vera í fararbroddi á sviði rafrænna verkefna. Byrjað var á árinu 2012 að taka við reikningum í gegnum Orra á rafrænu formi án þess að krafist væri að þeir fylgdu jafnframt á pappírformi. Í lok árs gat um helmingur stofnana í greiðsluþjónustunni tekið á móti rafrænum reikningum. Samhliða breytingum í tengslum við rafræna reikninga er tekið upp rafrænt samþykktuferli hjá þessum stofnunum. Bókaldssviðið þurfti einnig að gera nokkrar breytingar á ýmsum verkferlum við afgreiðslu rafrænna reikninga. Með nýju fyrirkomulagi berast reikningarnir rafrænt frá birgjum beint til FJS, sem gengur frá bókunarlínunum, áður en hún framvísar þeim til viðkomandi stofnana til rafrænnar samþykktar.
- Mikil vinna hefur verið lögð í að aðstoða stofnanir við að hefja skráningu í eignakerfi. Verkinu hefur miðað hægt en þó jafnt og þétt. Tíðar breytingar á uppbyggingu stofnana og ráðuneyta á síðustu árum hafa þó tafið verkið og gert það flóknara en ella.
- Unnið var áfram að þróun á nýrri útgáfu af Ferðauppgjörskerfinu. Þar verður reynt að koma til móts við fjölmargar athugasemdir og óskir stofnana. Gert er ráð fyrir að ný útgáfa verði tekin í

Í lok árs var gagnagrunnur kerfisins uppfærður og var það fyrsta stig í að uppfæra kerfið í næstu útgáfu 12.1.3. sem tekin var í notkun í mars 2013

Í samvinnu við Advania voru öryggismál í Orra endurskoðuð og þá sérstaklega með tilliti til svokallaðrar „netvár“

Nýtt vefmiðmót var tekið í notkun sem gerir stofnunum kleift að halda utan um samþykktarreglur sínar á rafrænum reikningum

FJS og fjármála- og efnahagsráðuneytið vinna sameiginlega að því að efla starfsmannahluta Orra þar sem áhersla er lögð á starfslýsingar, starfsmannasamtöl og

FJS innleiddi fræðsluferfið seint á árinu og skráir þar þau námskeið sem stofnunin skipuleggur og stendur fyrir

Settar voru inn 14 nýjar útgáfur af TBR á árinu, ýmist stórar eða minni háttar breytingar á einstökum kerfishlutum

Lögð var áhersla á að þróa kerfið frekar vegna notendaskila og upplýsingagjafar

Mikil vinna var lögð í kerfishluta TBR sem skila upplýsingum rafrænt til Orra

notkun á árinu 2013.

- FJS og fjármála- og efnahagsráðuneytið vinna sameiginlega að því að efla starfsmannahluta kerfisins þar sem áhersla er lögð á starfslýsingar, starfsmannasamtöl og starfsþróunaráætlanir. Unnið var að því að koma upp skráningarformi fyrir starfsmannasamtöl og tengt því átaki er svokallað „fræðsluferfi“ sem er tilbúið til notkunar. FJS innleiddi fræðsluferfið seint á árinu og skráir þar þau námskeið sem stofnunin skipuleggur og stendur fyrir. Loks var unnið að því að flytja eldri starfsmannaupplýsingar í Orra og gera þær aðgengilegar fyrir notendur.
- Á haustmánuðum var tekið í notkun sameiginlegt reikningakerfi fyrir stofnanir í greiðsluþjónustu FJS. Hagnýtt gildi þess hefur þegar sannað sig og skilar það töluverðri hagræðingu. Notaður er einn bankareikningur í umsjá ríkisfjárhirslu fyrir innheimtu allra reikninga. Stofnanir skila inn upplýsingum og forsendum í tölvupósti til FJS sem síðan annast útgáfu reikninga og innheimtu þeirra. Ferlið skilar samræmdri bókun sem fer jafnóðum inn í bókhald viðkomandi stofnana. Í árslok nýttu fjórar stofnanir sér þetta fyrirkomulag og fleiri stofnanir munu taka það upp á árinu 2013.
- Fræðsluefni. Vinna við gerð fræðsluefnis vegna kerfa Orra hélt áfram á árinu. Búið er að semja svokallaða grunnbók fyrir launakerfið og er nú unnið að því að skrifa ferla og kennsluefni fyrir aðra hluta þess. Þá er búið að hanna leiðbeiningar um gerð Disco-skýrslna. Fyrstu fræðslugögnin voru sett út á vefsíðu FJS í desember 2012.

■ Tekjubókhaldskerfi ríkisins (TBR), rekstur og þróun

Á árinu voru 14 útgáfur af kerfum TBR settar í rekstur með ýmist stærri eða minni háttar breytingum á einstökum kerfishlutum. Þessar breytingar hafa einkum miðað að því að auðvelda notendum vinnu í kerfinu og samskipti við gjaldendur. Í grófum dráttum er helst að nefna eftirfarandi:

- Lögð var áhersla á að þróa kerfið frekar vegna notendaskila og upplýsingagjafar
 - * Samskipti við launagreiðendur og umboðsaðila launavinnslna voru þróað áfram á árinu. Gerðar voru fjölmargar breytingar á listum, ábendingum og virkni einstakra mynda til hagsbóta fyrir launagreiðendur og innheimtumenn.
 - * Áfram var leitast við koma sem flestum fyrirtækjum í rafræn skil.
 - * Hafid var samstarf við Þjóðskrá Íslands sem miðar að því að gera borgurum kleift að nálgast gögn í TBR um Island.is.
 - * Upplýsingamiðlun til gjaldenda í greiðsluferfinu var bætt. Villuprófun á bankareikningum var aukin og upplýsingar um bankareikning birtar á útborgunarkvittun.
- Gerðar voru ýmsar breytingar á myndum í kerfinu til samræmingar á milli einstakra kerfishluta.
- Vegna rafrænna skila til Orra var lögð mikil vinna í þá kerfishluta TBR sem skila upplýsingum til Orra. Hafin var sending á tekjuupplýsingum úr TBR niður á bókonarstað í Orra fyrir fimm stofnanir og verður innleiðingu haldið áfram á árinu 2013.
- Breyting á skuldajöfnuði í tengslum við greiðsluáðlögun einstaklinga er lokið. Þá var breytingum á skuldajöfnuði bóta hrint í framkvæmd.
- Samskipti við Innu-kerfið voru aukin og endurbætt.
- Eftirlitsþáttur með innheimtu krafna var bættur. Fyrsta skrefið var nýr eftirlitslisti með kröfum veggja ára og eldri sem ekki eru komnar í neinn vanskilaferil eða afskriftarferil og engin

greiðsluáætlun fyrir hendi

- Forritunarmál notendaskila var uppfært í Power Builder 12.5
- Fræðsla. Sex námskeið voru haldin fyrir innheimtufulltrúa og gjaldkera innheimtuembætta og eitt fyrir fjármálastjóra framhaldsskólanna. Áfram var haldið við ritun kerfishandbóka, gjaldflokkaýsinga og leiðbeininga fyrir ýmsa vinnuferla.

Lánakerfi ríkisins, (Libra Loan)

Libra kerfið var innleitt hjá ríkissjóði á árinu 2007 til að halda utan um lánamálin. Kerfið er undirbók í aðalbókaldi ríkisins og flæða upplýsingar úr lánakerfinu vélrænt inn í fjárhagskerfi ríkisins, Orra.

FJS sér um bókhald og reikningsskil allra tekinna og veittra lána ríkissjóðs sem og skuldaviðurkenningar. Seðlabankinn skráir öll tekin lán sem hann annast fyrir ríkissjóð inn í lánakerfið. FJS skráir öll veitt lán í kerfið og varðveitir öll lánskjölinn sem þeim tengjast.

Í árslok 2012 voru 322 tekin lán skráð í kerfið og 599 veitt lán. Veittum lánum fjölgaði talsvert á árinu eða um 198. Skýrist það af heimild til að greiða upp eftirstöðvar á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri með útgáfu skuldabréfs skv. 5. gr. laga nr. 24/2010.

Veittum lánum fjölgaði talsvert á árinu eða um 198

Rekstrarsvið annast fjármál stofnunarinnar ásamt gerð rekstraráætlana í náinni samvinnu við fjársýslustjóra

Fjármál

Rekstrarsvið annast fjármál stofnunarinnar ásamt gerð rekstraráætlana í samvinnu við fjársýslustjóra. Í tengslum við gerð árlegra rekstraráætlana er farið yfir málefni einstakra sviða með viðkomandi forstöðumönnum. Er það gert til að fá dýpri sýn á fjármálin og tryggja samræmda forgangsröðun verkefna. Jafnframt er unnið sameiginlega að gerð langtíma-áætlunar og ársskýrslu fyrir stofnunina. Langtímaáætlunin endurspeglar stefnumörkun og megináherslur starfseminnar til lengri tíma. Rekstraráætlunin hverju sinni tekur jafnan mið af samþykktri langtíma-áætlun innan þess ramma sem fjárveitingar leyfa. Í ársskýrslu er loks gerður samanburður á útgjöldum og fjárheimildum auk tölulegs samanburðar á markmiðum ársins og útkomu.

Afkoma Fjársýslunnar var jákvæð um 52,4 millj. kr. á árinu 2012. Heildargjöld ársins að fráregnum sértekjum voru 1.416,6 millj. kr., hækkuðu um 58,3 millj. kr. eða 4,3% frá árinu á undan. Fjárheimildir ársins námu alls 1.469 millj. kr.

Rekstrarafkoma FJS 2010-2012

Í millj. kr.	2012	2011	2010
Sértekjur	-5,2	-3,2	-0,8
Rekstrargjöld	623,7	585,5	509,1
Rekstur upplýsingakerfa	793,4	754,4	817,4
Stofnkostnaður upplýsingakerfa	4,7	21,7	10,1
Gjöld umfram sértekjur	1.416,6	1.358,3	1.335,8
Framlag ríkissjóðs	1.469,0	1.425,2	1424,0
Hagnaður / tap ársins	52,4	66,9	88,2

Jákvæð afkoma ársins skiptist þannig að rekstur stofnunarinnar var með 12,4 millj. kr. í halla, en rekstur upplýsingakerfa skilaði 47,5 millj. kr. afgangi og hugbúnaðargerðin var jákvæð um 17,3 millj. kr.

Afkoma 2012 eftir viðfangsefnum FJS

Í millj. kr.	Reikningur	Fjárheimild	Frávik
Almennur rekstur	618,5	606,1	-12,4
Tekjubókhalddkerfi	342,7	363,9	21,2
Fjárhags- og starfsmannakerfi	450,7	477,0	26,3
Alm. rekstur samtals	1.411,9	1.447,0	35,1
Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhalddkerfi	0,6	8,3	7,7
Hugbúnaðargerð fyrir fjárhags- og starfsm. kerfi	4,1	13,7	9,3
Stofnkostnaður samtals	4,7	22,0	17,3
Gjöld umfram sértekjur	1.416,6	1.469,0	52,4

Halla á rekstri stofnunarinnar er einkum að rekja til kostnaðar sem fylgir því að koma stofnuninni fyrir í húsnæði sem flutt var í að Vegmúla 3 á árinu 2011

Halla á rekstri stofnunarinnar er einkum að rekja til kostnaðar sem fylgir því að koma stofnuninni fyrir í húsnæði sem flutt var í að Vegmúla 3 á árinu 2011. Þessar breytingar höfðu bæði ákveðinn eins skiptis stofnkostnað í för með sér og viðvarandi hækkun á beinan rekstrarkostnaði.

Rekstur upplýsingakerfa skilaði afgangi sem má rekja að mestu til hagstæðra samninga sem náðust við Advania (áður Skýrr) á árinu 2011.

Staða fjárheimilda 2010-2012

Í millj. kr.	2012	2011	2010
Staða í ársbyrjun	252,7	241,9	208,0
Breyting vegna lokafjárlaga	-97,2	-56,1	-54,3
Hagnaður / tap ársins	52,4	66,9	88,2
Staða í árslok	207,9	252,7	241,9


Í árslok 2012 var fjárheimildastaðan jákvæð um 207,9 millj. kr. Að öðru leyti vísast til ársreiknings FJS.

Rekstur upplýsingakerfa skilaði afgangi sem má rekja að mestu til hagstæðra samninga sem náðust við Advania

árslok 2012 voru starfsmenn FJS 69, hafði fjölgað um einn frá árinu á undan

Karlmenn eru færri en konur, 26 samanborið við 43 konur

Kynjahlutfall starfsmanna




Kynjahlutfall stjórnenda skiptist þannig að það eru 4 konur á móti 3 körlum

Meðalaldur starfsmanna er 50,8 samanborið við 49,7 árið áður. Meðalstarfsaldur er rúmlega 12 ár

Starfsmenn og þróun

Í árslok 2012 voru starfsmenn FJS 69, hafði fjölgað um einn frá árinu á undan. Karlmenn eru færri en konur, 26 samanborið við 43 konur. Kynjahlutfall stjórnenda skiptist þannig að það eru 4 konur á móti 3 körlum. Myndirnar hér á eftir sýna fjölda starfsmanna innan sviða, kynjahlutfall og aldersdreifingu.


Fjöldi starfsmanna eftir sviðum



Á myndinni koma ekki upplýsingar um einn starfsmann sem vinnur við innra eftirlit og fjársýslustjóra.

Á árinu 2012 hættu fimm starfsmenn. Fastráðnir voru sex starfsmenn. Þrjú starfsmenn voru í leyfi stóran hluta af árinu og tveir voru í fæðingarorlofi hluta árs. Starfsmannavelta var 7,2 % samanborið við 3% árið áður. Meðalaldur starfsmanna er 50,8 ár en var 49,7 árið áður. Meðalstarfsaldur er rúmlega 12 ár. Háskólamenntaðir eru um 45% starfsmanna og eru viðskiptafræðingar í meirihluta.

Aldursdreifing starfsmanna



Veikindadagar (að frátöldum langvarandi veikindum) voru rúmlega 6 dagar að meðaltali samanborið við 7,3 árið á undan. Veikindafjarvistir að meðtöldum langvarandi veikindum voru 12 dagar að meðaltali á starfsmann á árinu 2012 en voru 11,3 dagar árið áður. Stöðugildi í árslok voru u.þ.b. 68,9 samanborið við 67,7 árið áður.

Listi yfir starfsmenn FJS í árslok 2012 kemur fram aftast í skýrslunni



Esja

Í ríkisreikningi eru birt ársuppgjör ríkissjóðs, ríkisstofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins

Greiðsluþjónusta FJS er tvíþætt, þ.e. annars vegar fyrir ríkissjóð og hins vegar fyrir ráðuneyti og ýmsar smærri ríkisstofnanir

Um mitt ár 2011 var hætt að greiða út laun, inneignir og barnabætur með ávísunum

Kennitölur

Hér eru sýndar ýmsar lykiltölur um þá starfsemi sem innt er af hendi innan Fjársýslu ríkisins. Leitast er við að varpa ljósi á starfsemina með upplýsingum um ýmsar magnþölur frekar en að draga fram kostnaðinn af henni. Slíkar upplýsingar koma að góðu gagni í tengslum við forgangsröðun verkefna og stefnumótun. Hagnýtt gildi þeirra er ótvírætt og mikilvægt að nýta þær til stjórnunar og eftirlits með því að bera saman útkomu og upphafleg markmið. Í mörgum tilvikum gefa þær einnig góða vísbendingu um hvar má gera betur og möguleika á aukinni hagræðingu.

Gerð ríkisreiknings

Í ríkisreikningi eru birt ársuppgjör ríkissjóðs, ríkisstofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins. Á þann hátt er safnað á einn stað upplýsingum um fjármál allra ríkisaðila og gefin glögg mynd af heildarumsvifum ríkisins. Fjöldi reikningsliða hjá A-hluta ríkissjóðs var eftirfarandi:

Fjöldi	2012	2011
Æðsta stjórn ríkisins og ráðuneyti	9	11
Ríkisstofnanir	215	217
Tilfærsluliðir	101	89
Aðrir liðir	140	153
Fjárlagaliðir samtals í A-hluta ríkisreiknings	465	470

Í B-, C-, D- og E-hluta ríkisreiknings árið 2012 eru sýndar lykiltölur úr ársreikningum 36 stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins. Í B-hluta birtast þrjár stofnanir, sex aðilar eru í C-hluta. Í D-hluta eru tveir aðilar og í E-hluta eru tuttugu og fimm aðilar. Er þetta sami fjöldi og birtur var í ríkisreikningi ársins 2011.

Greiðsluþjónusta fyrir ríkissjóð, ráðuneyti og ríkisstofnanir

Í aðalatriðum er greiðsluþjónusta FJS tvíþætt, þ.e. annars vegar fyrir ríkissjóð og hins vegar fyrir ráðuneyti og ýmsar smærri ríkisstofnanir.

Innlegg á bankareikninga	2012	2011
Bankainnlegg vegna greiðslu reikninga o.fl.	152.678	155.462
Bankainnlegg vegna launagreiðslna	288.995	294.179
Bankainnlegg í barnabóta- og skattvinnslum	362.372	353.122
Fjöldi bankainnleggja	804.045	802.763

Tékkar	2012	2011
Fjöldi tékka vegna greiðslu reikninga o.fl.	45	499
Fjöldi tékka vegna launagreiðslna	-	255
Fjöldi tékka í barnabóta- og skattvinnslum	-	12.041
Fjöldi tékka	45	12.795

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að koma greiðslum beint inn á bankareikninga í stað þess að skrifa út tékka. Um mitt ár 2011 var hætt að greiða út laun, inneignir og barnabætur með ávísunum. Fjöldi innleggja jókst um 0,2% á milli ára og útgáfa á tékkum lagðist nánast af. Samanlagt nam fjöldi greiðslna um 804 þúsund á árinu 2012, fækkaði um 1,4% frá árinu á undan.

Greiðsluþjónusta fyrir ríkissjóð er einkum vegna greiðslu á launum til ríkisstarfsmanna og framlögum til ríkisaðila og annarra sem fá framlög frá ríkissjóði. Þessar greiðslur ná einnig til barna- og vaxtabóta, skila á tekjum til sveitarfélaga, sókna- og kirkjugarðaráðs, skila á inneignum eftir skattálagningu o.fl. Loks nær greiðsluþjónustan einnig til greiðslna af teknum lánum ríkissjóðs

og innheimtu af veittum lánum ríkissjóðs.

Greiðsluþjónusta fyrir ráðuneyti og smærri ríkisstofnanir nær til greiðslna á reikningum vegna rekstrarkostnaðar o.fl., styrkveitinga og samninga. Í flestum tilvikum annast stærri ríkisstofnanir sjálfar greiðslur á eigin reikningum.

Fjöldi	2012	2011
Ráðuneyti og stofnanir í greiðsluþjónustu FJS	90	92
Skráðir reikningar	109.107	115.623
Rafrænir reikningar	11.849	7.827
Bókaðar færslur	505.919	544.932
Skönnuð skjöl	627.413	668.035
Greiðslur	152.723	155.961

Bókhaldsþjónusta og ráðgjöf við stofnanir ríkisins

Samkvæmt fjárreiðulögum hefur FJS yfirumsjón með öllu bókhaldi og reikningskilum þeirra aðila sem ríkisreikningur nær til. FJS veitir ráðuneytum og stofnunum ríkisins aðstoð og þjónustu um bókhald og námskeiðahald sem tengist því. Bókhald stofnana sem eru í bókhaldsþjónustu er bókað og skráð hjá FJS, en flestar þeirra eru einnig í greiðsluþjónustu.

Fjöldi	2012	2011
Ráðuneyti og stofnanir í bókhaldsþjónustu FJS	90	90
Ríkisstofnanir sem annast sjálfar eigið bókhald	134	138
Samtals	224	228

Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins

Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins, Orri, er samhæfð heildarlausn í viðskiptahugbúnaði. Kerfið keyrir á Oracle gagnagrunni og samanstendur af u.þ.b. 60 kerfishlutum þar á meðal fjárhagsbókhaldi, launa- og starfsmannakerfi, verkbókhaldi, innkaupakerfi, eignakerfi o. fl. Notendur tengjast hugbúnaðinum með vefskoðara yfir netið. Kerfið hefur verið lagað að íslenskum aðstæðum t.d. með tengingu við þjóðskrá og tekur mið af íslenskum reglum um virðisaukaskatt.

Fjárhagskerfið heldur utan um bókhald ríkissjóðs og stofnana ríkisins. Kerfið er einnig notað fyrir alla uppgjörsvinnu við gerð ríkisreiknings og aðra upplýsingagjöf. Eignaskráningarkerfi er hluti af fjárhagskerfinu og hefur það verið sett upp hjá stofnunum. Kerfið heldur utan um alla varanlega rekstrarfjármuni.

Fjöldi	2012	2011
Ráðuneyti og ríkisstofnanir sem nota Orra	209	213
Ríkisstofnanir utan Orra	15	15
Samtals	224	228
Hlutfall þeirra sem nota Orra	93,3	93,4

Mannauðskerfið heldur utan um starfsmanna- og launagreiðslukerfi ríkisins. Starfsmannahlutinn hefur að geyma viðtækar upplýsingar þar á meðal um launakjör og aðrar forsendur sem þarf við launaútreikninga í launagreiðsluhlutunum. Í kerfinu eru greidd laun allra starfsmanna hjá A-hluta stofnunum og að auki hjá nokkrum B- og C-hluta stofnunum.

Fjöldi	2012	2011
Launþegar að meðaltali á mánuði	22.318	22.614
Launavinnslur á árinu	14	14
Launaseðlar á árinu	288.995	294.434

Samkvæmt fjárreiðulögum hefur FJS yfirumsjón með öllu bókhaldi og reikningskilum þeirra aðila sem ríkisreikningur nær til

FJS veitir ráðuneytum og stofnunum ríkisins aðstoð og þjónustu um bókhald og námskeiðahald sem tengist því

Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins, Orri, er samhæfð heildarlausn í viðskiptahugbúnaði

Um 109 stofnanir ríkisins hafa nú tekið upp Vinnustund

Í árslok 2012 notuðu 38 stofnanir ráðningarkerfið og auglýst voru 254 störf í kerfinu

Í árslok 2012 voru veitt lán 599 að tölu og tekin lán 322

FJS hefur umsjón með tveimur kerfum sem notuð eru við innheimtu og skiptingu á tekjum ríkissjóðs, þ.e. Tekjubókhaldskerfi ríkisins (TBR) og Innheimtuskilakerfi

FJS annast skil til sókna og trúfélaga á hlutdeild þeirra í tekjuskatti

Nokkur námskeið voru haldin í Orra, Vinnustund, TBR og gerð rekstraráætlana

Vinnustund er vaktáætlunar- og viðverukerfi sérhannað af Advania. Vinnustund heldur utan um tíma- og fjarvistarskráningar starfsmanna ásamt því að vera öflugt tæki til að skipuleggja vinnutíma þeirra. Kerfið er sérsniðið fyrir ríkisstofnanir og tengist beint við mannauðskerfið. Stofnanir ríkisins sem nú þegar hafa tekið upp Vinnustund eru 109 og er lögd rík áhersla á að sem flestar ríkisstofnanir innleiði kerfið. Ráðningarkerfið hefur verið tekið í notkun og á árinu 2012 var unnið að innleiðingu þess hjá stofnunum. Í árslok höfðu 38 stofnanir innleitt ráðningarkerfið, en á árinu 2012 voru auglýst 254 störf í kerfinu.

Aðrir kerfishlutar sem settir hafa verið upp í Orra eru: fræðslukerfi, sjálfsafgreiðslukerfi, vörustýring, verkþókhald, birgðir, pantanir og vefverslun. Enn sem komið er hafa fáar stofnanir tekið upp þessa kerfishluta fyrir utan sjálfsafgreiðsluna en henni hefur verið úthlutað til flestra starfsmanna ríkisins.

Lánakerfi

FJS heldur utan um tekin og veitt lán ríkissjóðs og er það gert í lánakerfinu Libra Loan. Þar er einnig haldið utan um skuldaviðurkenningar. Í árslok 2012 voru veitt lán 599 að tölu og tekin lán 322. Veittum lánum fjölgaði verulega á árinu eða um 198 lán. Skýrist sú fjölgun af því að heimilað var að greiða upp eftirstöðvar á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri með því að gefa út skuldabréf skv. 5.gr. laga nr. 24/2010.

Fjöldi	2012	2011
Útgefnir greiðsluseðlar	939.378	905.560
Útgefnir gíróseðlar	410.376	501.598
Greiddir greiðslu- og gíróseðlar	1.064.853	960.611
Útsend innheimtubréf	208.524	209.116

Tekjubókhaldskerfi ríkisins

FJS hefur umsjón með tveimur kerfum sem notuð eru við innheimtu og skiptingu á tekjum ríkissjóðs, Tekjubókhaldskerfi ríkisins (TBR) og innheimtuskilakerfi.

Útgefnum greiðsluseðlum fjölgaði um 3,7% á milli ára en gíróseðlum fækkaði um 18,2%. Í heild voru útgefnir seðlar rúmlega 1,3 milljónir á árinu 2012, fækkaði um 4,1% frá árinu á undan.

Fjöldi	2012	2011
Sveitarfélög	76	77
Sóknir	328	332
Kirkjugarðar (Kirkjugarðaráð Íslands og Kirkjugarðasjóður)	2	2

Uppgjör og skil á staðgreiðslu

FJS sér um að skipta og skila daglega innheimtri staðgreiðslu á milli ríkissjóðs og einstakra sveitarfélaga. Jafnframt annast FJS skil til sókna og trúfélaga á hlutdeild þeirra í tekjuskatti.

Námskeið

Nokkur námskeið voru haldin fyrir ráðuneyti og ríkisstofnanir á árinu 2012 á vegum FJS og í samvinnu við aðra, svo sem fjármálaráðuneytið og Advania. Þessi námskeið voru í Orra, Vinnustund, TBR og gerð rekstraráætlana. Loks voru haldin ýmis sértæk námskeið fyrir stofnanir, þar á meðal kynningar og leiðbeiningar í tengslum við eignakerfið.

09-103 Fjársýsla ríkisins

ÁRSREIKNINGUR
2012

fjs FJÁRSÝSLA
RÍKISINS



09-103 Fjársýsla ríkisins

Ársreikningur 2012

Ársreikningur þessi sem hefur að geyma rekstrarreikning ársins, efnahagsreikning í árslok og sjóðstreymi ásamt sundurliðunum hefur verið saminn eftir bókhaldi stofnunarinnar.

Lykilstærðir ársreikningsins eru:

	<u>2012</u>	<u>2011</u>	<u>Fjárheimild</u>
Rekstrarreikningur			
Tekjur samtals.....	5.232.099	3.221.591	1.400.000
Gjöld samtals.....	1.421.802.555	1.361.533.991	1.470.400.000
Framlag úr ríkissjóði.....	1.469.000.000	1.425.200.000	1.469.000.000
Hagnaður/tap ársins.....	52.429.544	66.887.600	0
Efnahagsreikningur			
Eignir samtals.....	236.188.960	284.257.557	
Skuldir samtals.....	28.298.640	31.571.597	
Höfuðstóll í árslok.....	207.890.320	252.685.960	
Greiðslustaða við ríkissjóð.....	236.103.110	284.212.557	

Forstöðumaður og aðalbókari staðfesta ársreikning stofnunar fyrir árið 2012 með undirritun sinni.

31.03.2013

Gunnar H. Hall
Forstöðumaður



Ragurhildur Gunnarson
Aðalbókari

Staðfesting ríkisendurskoðanda

Til Fjársýslu ríkisins

Við höfum endurskoðað ársreikning Fjársýslu ríkisins fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Hann er lagður fram af stjórnendum stofnunarinnar og eru þeir ábyrgir fyrir gerð og framsetningu hans í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins.

Við erum ábyrgir fyrir því áliti sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðunin fólst í eftirfarandi aðgerðum:

- að sannreyna að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta ríkisstofnanir,
- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á og
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfseminni ef þær eru, birtar í ársreikningi.

Endurskoðunin byggir á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Hún felur meðal annars í sér áhættugreiningu, greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin hafi byggt upp nægjanlega traustan grunn til að staðfesta réttmæti ársreikningsins.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Fjársýslu ríkisins á árinu 2012, efnahag 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012 í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 13. maí 2013.



Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi.

Rekstrarreikningur

	Reikningur 2012	Reikningur 2011	Fjárheimildir 2012
Tekjur			
Sértekjur.....	5.232.099	3.221.591	1.400.000
Markaðar tekjur.....	0	0	0
Aðrar rekstrartekjur.....	0	0	0
Tekjur samtals	5.232.099	3.221.591	1.400.000
Gjöld			
Almennur rekstur.....	1.417.111.381	1.339.865.176	1.448.400.000
101 Almennur rekstur.....	623.705.586	585.500.360	607.500.000
143 Tekjubókhaldskerfi.....	342.712.809	329.138.910	363.900.000
147 Fjárhags- og starfsmannakerf.....	450.692.986	425.225.906	477.000.000
Stofnkostnaður.....	4.691.174	21.668.815	22.000.000
643 Hugbúnaðargerð fyrir tekjubó.....	593.461	9.224.560	8.300.000
647 Hugbúnaðargerð fyrir fjárhag.....	4.097.713	12.444.255	13.700.000
Gjöld samtals	1.421.802.555	1.361.533.991	1.470.400.000
Tekjur umfram gjöld.....	-1.416.570.456	-1.358.312.400	-1.469.000.000
Framlag úr ríkissjóði.....	1.469.000.000	1.425.200.000	1.469.000.000
Hagnaður/tap ársins.....	52.429.544	66.887.600	0

Fjársýsla ríkisins
09-103

Efnahagsreikningur

	Reikningur 31.12.2012	Reikningur 31.12.2011
Eignir		
Fastafjármunir		
Áhættufjármunir.....	0	0
Langtímakröfur.....	0	0
Fastafjármunir samtals.....	0	0
Veltufjármunir		
Vörubirgðir.....	0	0
Inneign hjá ríkissjóði.....	236.103.110	284.212.557
Skammtímalán.....	0	0
Skammtímakröfur aðrar.....	85.850	45.000
Handbært fé.....	0	0
Veltufjármunir samtals.....	236.188.960	284.257.557
Eignir samtals.....	236.188.960	284.257.557
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
Höfuðstóll		
Staða í ársbyrjun.....	252.685.960	241.891.966
Breyting v/lokafjárlaga.....	-97.225.184	-56.093.606
Hagnaður/tap ársins.....	52.429.544	66.887.600
Höfuðstóll í árslok.....	207.890.320	252.685.960
Annað eigið fé		
Bundið eigið fé.....	0	0
Framlag til eignamyndunar.....	0	0
Annað eigið fé samtals.....	0	0
Eigið fé í árslok.....	207.890.320	252.685.960
Langtímaskuldir		
Tekin löng lán.....	0	0
Langtímaskuldir samtals.....	0	0
Skammtímaskuldir		
Yfirdráttur á bankareikningum.....	0	0
Skuld við ríkissjóð.....	0	0
Skammtímalántökur.....	0	0
Aðrar skammtímaskuldir.....	28.298.640	31.571.597
Skammtímaskuldir samtals.....	28.298.640	31.571.597
Skuldir samtals.....	28.298.640	31.571.597
Skuldir og eigið fé samtals.....	236.188.960	284.257.557

Fjársýsla ríkisins
09-103

Sjóðstreymi

	Reikningur 2012	Reikningur 2011
Hagnaður/tap ársins	52.429.544	66.887.600
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda		
Breyting skammtímakrafna og birgða.....	-40.850	1.574.100
Breyting skammtímaskulda.....	-3.272.957	4.065.973
Handbært fé frá rekstri	49.115.737	72.527.673
Fjárfestingahreyfingar		
Veitt lán.....	0	0
Afborganir veittra lána.....	0	0
Endurmat veittra lána.....	0	0
Breyting á áhættufjármunum.....	0	0
Fjárfestingahreyfingar samtals	0	0
Fjármögnunarahreyfingar		
Framlag ríkissjóðs.....	-1.469.000.000	-1.425.200.000
Tekjur innheimtar af ríkissjóði.....	0	0
Greitt úr ríkissjóði.....	1.419.884.263	1.352.672.327
Markaðar tekjur, skil á innheimtu ríkissjóðs.....	0	0
Tekin lán.....	0	0
Afborganir tekinna lána.....	0	0
Endurmat tekinna lána.....	0	0
Fjármögnunarahreyfingar samtals	-49.115.737	-72.527.673
Breyting á handbæru fé	0	0
Handbært fé í ársbyrjun	0	0
Handbært fé, hreyfingar	0	0
Handbært fé í árslok	0	0

Staða viðfangsefna 31.12.2012

Sundurliðun	Viðfangsefni fjárlaga og heita					Samtals öll viðfangsefni	
	Almennur r 101	Tekjubókhaldsk 143	Fjárhags- og s 147	Hugbúnaðargerð 643	Hugbúnaðargerð 647	2012	2011
Tekjur							
Sértekjur	5.232.099	0	0	0	0	5.232.099	3.221.591
Markaðar tekjur	0	0	0	0	0	0	0
Aðrar rekstrartekjur	0	0	0	0	0	0	0
Tekjur alle	5.232.099	0	0	0	0	5.232.099	3.221.591
Rekstrargöld	623.705.586	342.712.809	450.692.986	593.461	4.097.713	1.421.802.555	1.361.533.991
Framlag ríkissjóðs	606.100.000	363.900.000	477.000.000	8.300.000	13.700.000	1.469.000.000	1.425.200.000
Niðurestaða ársins	-12.373.487	21.187.191	26.307.014	7.706.539	9.602.287	52.429.544	66.887.600
Höfuðstóll í upphafi árs	10.894.243	76.931.090	105.134.094	9.201.584	50.524.949	252.685.960	241.891.966
Breyting v/lokafjárlaga	0	-40.141.090	-57.084.094	0	0	-97.225.184	-56.093.606
Höfuðstóll 31.12.2012	-1.479.244	57.977.191	74.357.014	16.908.123	60.127.236	207.890.320	252.685.960



Askja

STARFSMENN FJÁRSÝSLU RÍKISINS Í ÁRSLOK 2012

Gunnar H. Hall, fjársýslustjóri

Bókhaldssvið

Alfreð Svavar Erlingsson, forstöðumaður

Anna Guðmundsdóttir
Bryndís Sveinsdóttir
Brynhildur Birgisdóttir
Guðný Guðlaugsdóttir
Guðrún Ingibjörg Alexíusdóttir
Guðrún Guðmundsdóttir
Hanna Dóra Haraldsdóttir
Hildur Hafsteinsdóttir
Hulda Björk Guðjónsdóttir
Ingibjörg Sívertsen Jónsdóttir
Kristín Hildimundardóttir
Lára Guðmundsdóttir
Lilja Guðný Friðvinsdóttir
Rakel Guðný Pálsdóttir
Sara Magnea Tryggvadóttir
Sóley Jakobsdóttir
Svanhvit Erla Einarsdóttir

Launasvið

Lára G. Hansdóttir, forstöðumaður

Bjarni Kr. Grímsson
Drífa Ósk Sumarliðadóttir
Geir Thorsteinsson
Guðbjörg Sigurðardóttir
Guðný Steinunn Guðlaugsdóttir
Guðrún J. Haraldsdóttir
Hulda Jónsdóttir
Laufey Óskarsdóttir
Ragnheiður Jónsdóttir

Rekstrarsvið

Ragnheiður Gunnarsdóttir, forstöðumaður

Hansína Rut Rútsdóttir
Haraldur Blöndal
Kristín Magnadóttir
Oddrún Pétursdóttir
Pétur Ó. Einarsson, starfsmannastjóri
Stefanía Ragnarsdóttir
Vilborg Hólmjárn

Ríkisfjárhirsla og Tæknisvið

Stefán Kjærnesteð, varafjársýslustjóri

Bergþór Skúlason
Björn Kristjánsson
Guðbrandur Jón Jónsson
Guðmundur Vigfússon
Guðrún Á. Janusdóttir
Gunnar Guðnason
Helgi Nielsen
Jóhann Þór Arnarsson
Kristín Orradóttir
Sigríður Ingólfssdóttir
Sigríður Vigfúsdóttir
Thelma Hólm Másdóttir
Þorkell Pétursson

Tekjusvið

Ásta Garðarsdóttir, forstöðumaður

Barði E. Barðason
Guðjón Á. Rikharðsson
Halldór Jóhann Harðarson
Jónas H. Jónsson
Kristján Geir Ólafsson
Pétur Óli Jónsson
Sonja Sigurðardóttir
Steinvör Edda Einarsdóttir
Þorvaldur Steinarsson

Uppgjörssvið

Helga Viðarsdóttir, forstöðumaður

Ása Ólafsdóttir
Elín Viola Magnúsdóttir
Kristján Jón Jónsson
Theodóra P. Sigurðardóttir
Úlfar G. Ásmundsson
Þorvaldur Egilson

Innra eftirlit

Pétur Jónsson